

Fimmtudaginn 28. maí 1998.

Nr. 482/1997.

Ákærvaldið

(Símon Sigvaldason saksóknari)

gegn

Baldri Sigurðarsyni

(Örn Clausen hrl.)

Kynferðisbrot. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 26. nóvember 1997. Ákærvaldið krefst þyngri refsingar en dæmd var í héraðsdómi.

Ákærði krefst aðallega sýknu og frávísunar skaðabótakröfu. Til vara er þess krafist, að refsing verði milduð og skilorðsbundin og bótafjárhæð lækkuð. Til þrautavara er krafist ómerkingar og heimvísunar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Baldur Sigurðarson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júlí 1997.

Ár 1997, fimmtudag 24. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hjördísi Hákonardóttur héraðsdómara ásamt meðdómendum Helga I. Jónssyni og Sigurði T. Magnússyni héraðsdómurum, kveðinn upp svohljóðandi dómur í sakamálinu nr. 364/1997: Ákærvaldið gegn Baldri Sigurðarsyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. júlí 1997, er höfðað samkvæmt ákæru, út gefinni af ríkissaksóknara 6. maí 1997, á hendur ákærða, Baldri Sigurðarsyni, kt. 210169-3859, Veghúsastíg 1 a, Reykjavík, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. desember 1996 í svefnherbergi konunnar X í íbúð að ..., Reykjavík, haft holdlegt samræði við konuna og notfært sér það, að hún svaf ölvunarsvefni og gat af þeim sökum ekki spornað við samræðinu“.

Ákæruvaldið telur framanlýsta háttsemi ákærða varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992, og er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Þórdís Bjarnadóttir hdl. gerir f. h. X, f. 1970, ..., Reykjavík, þær kröfur, að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur, að fjárhæð 650.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. desember 1996 til greiðsludags. Einnig er þess krafist, að ákærða verði gert að greiða brotþola málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Gerð er krafa um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól miskabóta og málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, verði greiddur úr ríkissjóði.

Aðalmeðferð fór upphaflega fram í málinu 12. júní 1997. Málið var endurupptekið 17. júlí 1997 og þá lögð fram álitserð geðlæknis og jafnframt tekin af honum skýrsla. Málið var flutt að nýju og dómtekið sama dag.

Málsatvik og framburður vitna.

Að morgni sunnudagsins 15. desember 1996 kl. 6.12 barst lögreglu tilkynning um, að beðið hefði verið um sjúkrabíl að ..., Reykjavík. Er lögreglan kom á vettvang þremur mínútum síðar, sat X, ..., í hnipri á gangi fyrir framan herbergi sitt, grátandi og miður sín og með sængurver vafið um sig. Á vettvangi voru einnig vitnin H og J. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu skýrði X svo frá, að hún hefði verið drukkin og farið að sofa, er hún kom heim af balli, en vaknað við, að H hefði komið inn í herbergið og hrópað: „Hvað eruð þið að gera?“ Hefði ákærði þá legið nakinn ofan á sér, en hún ekki vitað, hvort samræði hefði orðið. Tjáði hún lögreglu, að ákærði væri gamall vinur sinn. Var X færð á neyðarmóttöku á Sjúkrahúsi Reykjavíkur

vegna nauðgunar og rannsókn málsins afhent rannsóknarlögreglu. Kom rannsóknarlögreglumaður á neyðarmóttökuna, en fékk ekki að ræða við X, en hins vegar heimild til að kanna brotavettvang og ræða við vitnin H og J. Lögreglan í Reykjavík handtók ákærða kl. 7.20. Var honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 7.30, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á því mældist alkóhólmagn 1,08‰.

Við skoðun tæknideildar RLR á vettvangi kom í ljós, að gluggatjöld í herbergi X höfðu verið rifin niður að hluta. Er höfðalag rúmsins undir glugganum. Reyndist stöngin, sem hélt þeim uppi, þarfnast lagfæringar, þar sem hún hafði orðið fyrir hnjaski. Á gólfi, við fótagafl, lágu marglitar karlmannsnærbuxur (boxer-nærbuxur) með myndum af filum. Bláar kvenmannsnærbuxur lágu hægra megin við rúmið. Vettvangur var myndaður, og tóku rannsakendur með sér teygjulak, sem var á rúminu, og framangreindar karlmannsnærbuxur. Einnig tók lögreglan til rannsóknar á slysadeild lak eða rúmábreiðu, sem X hafði sveipað um sig. Í þágu rannsóknarinnar var enn fremur aflað sýna úr leggöngum X, en ekki var tekið blóðsýni af henni til alkóhólrannsóknar.

15. desember 1996 tók rannsóknarlögreglan skýrslu af X. Kvaðst hún hafa farið á tvo veitingastaði í miðbæ Reykjavíkur kvöldið áður og gengið heim eftir lokun veitingahúsa. Með sér hefðu verið tvær vinkonur sínar, Á og H. H, sem leigi með sér íbúð að ..., hefði dregist aftur úr, vegna þess að hún hefði hitt ýmsa kunningja á leiðinni. Kvaðst X hafa komið heim til sín um kl. 3.30. Hefði Á komið inn stutta stund, þar sem eiginmaður hennar, R, hefði beðið heima hjá X. X segir, að eftir brottför þeirra hafi sótt að sér syfja, eins og hún væri dauðadrukkin. Hún kvaðst hins vegar hafa drukkið lítið áfengi um kvöldið, þ. e. tvo bjóra heima og tvo snafsa á veitingastað. Taldi hún sig vera blóðlausa, vegna þess að hún hefði nýverið haft blæðingar í um hálfan mánuð, og taldi það hafa getað átt mikinn þátt í þessu ásigkomulagi. Kvaðst hún hafa verið svo magnlítil, að hún hefði lagst fyrir í eigin rúmi án þess að hátta sig. Hún hefði síðan vaknað við það, að einhver karlmaður var ofan á sér í samförum við sig. Kvaðst hún hafa brotist um til að losa sig undan manninum og náð að hrinda honum frá sér eftir stutta viðureign. Við það hefði hún séð, að þetta var ákærði, sem sé kunningi þeirra. Í sömu mund hefðu dyrnar opnast og H litið inn. Hefði hún strax brugðið við með því að reka ákærða á dyr, en hann ekki náð að klæða sig að fullu og skilið m. a. eftir grænköflóttan jakka úr þunnu efni. Aðspurð kvað hún ákærða ekki hafa haldið sér niðri, en legið ofan á sér. Hefði verið búíð að klæða sig úr svörtum, útvíðum buxum úr teygjuefni, sem hún hefði verið í um kvöldið, losa um samfellu og færa sig úr nærbuxum. Aðspurð

kveðst hún ekki vera viss um, hvort hún hafi veitt ákærða áverka, en telur þó, að hún hafi frekar ýtt honum af sér en barið frá sér eða klórað. Við þetta kveðst hún hins vegar hafa rifið niður gluggatjöld, sem voru fyrir aftan höfðalag rúmsins. Hún kveðst ekki vita, hvers vegna hún gerði það, segir, að hún hafi hugsað um það eitt að koma manninum í burtu og því væntanlega gert þetta ósjálfrátt. Hún kveðst ekki hafa átt nein orðaskipti við ákærða, en hrópað á H um svipað leyti og hún kom inn í herbergið.

Framangreind skýrsla er í samræmi við það, sem læknir á neyðarmóttöku skráir eftir henni. Ástandi hennar, meðan skoðun fór fram, er svo lýst, að hún sé í hnipri hjá móður sinni og gráti og fái hvað eftir annað grátköst. Svo virðist sem hún hafi aðallega orðið hrædd, þegar hún vaknaði, og hún endurtaki sífellt: „Þetta gerðist heima hjá mér.“ Þá er að auki krossað við, að hún sé í losti, óróleg, óttaslegin, endurlífi árás og sýni kreppuviðbrögð, hroll og vöðvaspennu. Við líkamsskoðun kom í ljós grunn rispa í leggöngum, sem læknirinn taldi, að gæti varla myndast við annað en kynmök. Fram kemur, að slík sár grói á einum til tveimur dögum.

Við aðalflutning málsins kom X fyrir dóminn. Sagði hún efnislega eins frá atburðum og hér að framan hefur verið rakið. Til viðbótar og að því er varðar framburð annarra vitna, kom fram hjá henni, að hún kvaðst hafa verið mjög þreytt og lagst til svefns í öllum fötum og muni næst eftir að hafa vaknað og fundið, að einhver var ofan á sér og þá fengið kast. Ekki kannaðist hún við að hafa opnað fyrir hinum, þegar þau komu, eða að J hefði fengið leyfi til að leggja sig inni í herberginu hjá sér, og hún ekki vitað af því. Hún kvaðst hafa verið ofboðslega hrædd og ringluð, „vissi ekki, hvort ég var að koma eða fara“. Hún hefði lagst til svefns í frekar þröngum póliester-buxum, samfellu, sem var hneppt að neðan, og nærbuxum þar undir. En er hún vaknaði, hefði hún verið komin úr síðbuxunum og nærbuxunum og samfellan fráhneppt. Taldi hún sig hafa rumskað, rétt áður en H kom inn. Þá neitaði hún, að því spurð, þeim framburði ákærða, að hann hefði vakið sig, þau talað saman og látið vel hvort að öðru og það síðan leitt til kynmaka. Hélt hún fast við þann framburð að hafa fyrst vaknað, þegar hann var ofan á sér. Var hún þá um það spurð, hvað gerðist, þegar H kom inn, og kvaðst hún þá hafa verið úti í glugga eða á leið þangað. Hefði hún verið á flóttu, verið að koma sér undan og ýtt á ákærða, en glugginn sé við höfðagaflinn. Aðspurð um frumskýrslu lögreglu, þar sem eftir henni er haft, að hún viti ekki, hvort hann hafi verið í samförum við sig, kvaðst hún ekki muna, hvað hún sagði á því stigi, hún hefði verið í „sjokki“, en hefði átt við, að hún vissi ekki, hvort hann hefði lokið sér af. Kvað hún þetta allt hafa gerst á örstuttri stund, kannski mínútu. Aðspurð kvað hún viðbrögð

sín ekki hafa stafað af látunum í H, heldur því, sem komið hefði fyrir sig. Kvaðst hún eiga í sálrænum erfiðleikum eftir atburðinn, vera grátgjörn, skapið sveiflukennt, og það væri eins og gleðin hefði verið tekin frá sér.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu tjáði ákærði lögreglu við handtöku, að hann hefði verið í „party“ í ... og komið þangað með H, J, frænda sínum, og fleira fólki, en ákærði og vitnið J eru systrasynir. Kvað hann einhverja hafa setið inni í stofu, en þau J og X hefðu setið á rúmi inni í herbergi X og verið að tala saman.

Síðar um morguninn var ákærði yfirheyrður af rannsóknarlögreglu. Neitaði hann þá að hafa framið kynferðisbrot gagnvart X. Hann hefði verið úti að skemmta sér á laugardagskvöldið og lagt af stað heimleiðis frá veitingahúsinu Gauki á Stöng í Tryggvagötu um kl. 3.15 í samfylgd unnustu sinnar og vinkonu hennar og vitnisins Axels Arnar Cortes. Á horni Laugavegar og Smiðjustígs hefðu þau hitt vitnin J og H, og þá hafi annað par líka verið þar. Í ljós hefði komið, að þau voru öll á leið í samkvæmi hjá H í ..., og hefðu þau boðið sér þangað og samferðafólki sínu. Hefðu þeir Axel spjallað áfram við fólkið, en stúlkurnar farið heim til ákærða. Þeir Axel hefðu svo slegið til og haldið með fólkinu áleiðis. Við Klapparstíg kveðst hann hafa ákveðið að skreppa heim og segja unnustu sinni frá því, að hann væri að fara í samkvæmi. Kvaðst hann hafa staldrað við heima í u. þ. b. eina og hálfa klukkustund. Á meðan hefði hann margsinnis hringt heim til H til að kanna, hvort samkvæmið stæði enn. Hins vegar hefði síminn alltaf reynst vera á tali og hann því ákveðið að fara gangandi heim til hennar með áfengi meðferðis. Á leiðinni hefði hann hitt parið, sem var í samkvæminu, og var það á heimleið. Hefðu þau sagt sér, að Axel væri enn á staðnum og H hefði talað lengi í símann. Hann kvaðst ekki muna, hvernig hann komst inn. Hefði hann rætt við Axel í stofunni, H hefði verið í símanum, en J og X sofandi inni í herbergi X að sögn Axels. Kvaðst hann eftir drjúga stund hafa ákveðið að reyna að vekja X og J til að lífga upp á samkvæmið. Hefði hann fyrst reynt að vekja J og það tekist, en hann sofnað strax aftur. Þá hefði hann vakið X og hún vaknað eitthvað og rætt lítils háttar við sig. Taldi hann samtalið hafa fjallað um það, hvort þau ætluðu ekki að koma fram í stofu. Kvaðst hann á þessari stundu hafa verið orðinn mjög ölvaður og muna þetta mjög óljóst, en næst muna eftir sér, er H var að vekja sig. Hefði hann þá verið sofandi við hlið X, en J verið horfinn úr herberginu. Taldi hann, nánar aðspurður um þetta, að hann hefði sofnað áfengissvefni, en það kæmi stundum fyrir sig við áfengisneyslu. Kvað hann H hafa vakið sig með látum og rekið þá Axel út, en hann þá verið mjög ringlaður. Aðspurður kvaðst hann hafa verið afklæddur að einhverju leyti, ekki verið í galla-

buxunum, en í nærbuxum og bolnum, sem hann væri í við yfirheyrsluna. Væri hann nú ekki í sömu nærbuxunum og gaf þá skýringu á því, að hann svæfi nakinn og hefði verið háttaður, er lögreglan kom; nærbuxurnar, sem hann var í, væru að öllum líkindum í herberginu heima hjá sér. Hann hefði verið í svonefndum boxer-nærbuxum, annaðhvort grænum eða svörtum, einlitum. Spurður um, hvort hann ætti nærbuxur með mynstri eða myndum, kvaðst hann eiga nærbuxur með vörumerkjum margra bjórttegunda. Nánar spurður kvaðst hann eiga nærbuxur með dýramyndum, zebrahestum, en kannaðist ekki við að eiga nærbuxur með filamyndum. Er honum voru sýndar boxer-nærbuxur með filamyndum og tjáð, að þær hefðu fundist á brotavettvangi, kvað hann hugsanlegt, að þetta væru nærbuxurnar, sem hann var í, er hann fór í samkvæmið, en ekki muna, hvernig hann hefði farið úr þeim. Kvað hann X líka hafa verið sofandi og vaknað við lætin í H. Aðspurður taldi hann, að X hefði verið grátandi, þegar hann fór. Hefði hann talið, að lætin í H hefðu valdið þessum viðbrögðum hennar. Hann kvað þá Axel hafa farið beint heim til sín, og á leiðinni hefði hann hringt í H úr GSM-síma í þeim tilgangi að fá skýringar á framferði hennar. Hún hefði sagt: „Hún var sofandi.“ Hefði ekki verið hægt að ræða við hana nánar, við hvað hún ætti, og hefði símtalið endað með því, að H skellti á. Í lok yfirheyrslunnar tók ákærði fram, að ef einhver kynmök hefðu orðið á milli X og sín, hefði það verið með hennar samþykki og jafnvel að hennar frumkvæði.

Síðar sama dag, eftir að læknisskoðun og rannsókn tæknideildar hafði farið fram, var ákærða sýnd grænköflótt bruisers-skyrta eða -jakki. Kannaðist hann við flíkina og kvaðst hafa verið í henni kvöldið áður og hafa skilið hana eftir í svefnherbergi X, þegar hann var rekinn þaðan út.

28. janúar 1997 var ákærði boðaður að nýju til rannsóknarlögreglu og spurður aftur um atburðarás að morgni sunnudagsins 15. desember 1996. Kvaðst ákærði nú muna þetta betur og að Axel hefði opnað fyrir sér, er hann kom í Hann kvaðst einnig muna vel að hafa fyrst vakið J, en hann ekki viljað koma fram í stofu. Þá kvaðst hann hafa vakið X, sem hefði sofði í sama rúmi og J, en hann viti ekki, hvort J var þá sofnaður aftur. Hann kvað þau X hafa talað saman, en síðan byrjað að kyssast, og því næst kvaðst ákærði hafa farið úr fötunum, og hefði X hjálpað sér við að fara úr nærbuxunum. Þau hefðu síðan haft samfarir, og kvaðst ákærði hafa haft sáðlát. Eftir það kvaðst hann hafa lagt sig við hlið X og þau bæði sofnað. Hefði hann verið búinn að sofa í 10 til 15 mínútur, þegar H kom inn og vakti sig með látum. Nánar spurður kvað hann þennan tíma vera ágiskun, en vera viss um að hafa verið sofnaður, þegar H kom inn. Aðspurður kvað

hann J hafa verið í rúminu, á meðan þau voru í samförum, og einnig, þegar hann lagði sig við hlið X. Fullyrti hann margsinnis að hafa legið við vinstri hlið X, þegar H kom inn. Ákærði benti á, að H hefði verið búin að tala í langan tíma í símann, og miðað við þau læti, sem heyrst hefðu frá henni, hefði hún verið í slæmu skapi, og hafi það getað átt þátt í því, hvernig hún brást við, þegar hún kom inn í herbergið. Í lok yfirheyrslunnar var honum birt bótakrafa sú, er greinir í ákæru, og mótmælti hann henni.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum við aðalflutning málsins. Kvaðst hann hafa þekkt H og X mjög vel í mörg ár. Þau væru í sama félagsskap og allt þetta fólk, sem komið hefði við sögu. Nú kvaðst hann hafa verið heima í um 40 mínútur, áður en hann lagði af stað í ..., eða a. m. k. talsverðan tíma. Hann kvaðst upphaflega hafa farið inn í herbergi X til þess að hrekka J, frænda sinn, og ætlað að reyna að vekja þau, því að frekar dauft hefði verið hjá þeim Axel einum. Aðspurður kvaðst hann hafa verið vel fullur, en taldi sig þó muna öll málsatvik. Hann kvað J hafa legið vinstra megin í rúminu, og hefðu þau X bæði verið alklædd. Nánar spurður um þetta kvað hann J hafa verið alklæddan, en X búin að háttá sig eitthvað, að hann hélt, verið í sokkabuxum og einhverju að ofan. Hann kvað engin sængurföt hafa verið yfir J, en e. t. v. yfir henni að einhverjum hluta. Hann kvað X hafa vaknað strax. Kvaðst hann hafa sest við rúmið og spjallað við hana „alveg heillengi eða lengi, einhverjar mínútur alla vega“, í byrjun um það, hvort hún ætlaði ekki að koma fram. Kvað hann hana ekki hafa virst vera mjög drukkna, hún hefði verið alveg skýr. Ekki hefði hún virst hissa á að sjá hann við rúm sitt og ekki gefið nein skýr svör, en þetta leitt út í það, að þau hefðu farið að kyssast. Síðan hefði eitt leitt af öðru. Þau hefðu hjálpast að við að afklæðast. Hann kvaðst hafa farið úr öllu, en hún klætt sig úr sokkabuxunum. Það hefði engar hömlur sett á þau, að þriðji maður var í herberginu, og kvaðst ákærði hafa álitid hann sofandi. Ekki hefði hann orðið var við það, þegar J fór fram. Hefðu þau verið nýbúin að ljúka sér af og hann bara legið þarna við hliðina á henni og verið u. þ. b. að festa svefn eða rétt búinn að festa svefn, þegar H hefði gengið inn í herbergið. Þá hefði J ekki verið þar. Fullyrti ákærði, að kynmökunum hefði verið lokið, þegar H kom inn, og að sér hefði orðið sæðlát í þeim. Kvað hann H hafa kveikt ljós eða verið búna að kveikja og hafa öskrað á sig, barið sig í fæt-urna og skipað sér út, spurt, hvern fjandann hann væri að gera þarna inni, og sagt við sig: „Hún var sofandi, hún var sofandi.“ Hefði sér brugðið mjög, brólt fram úr og gripið einhver föt. Hefði H verið alveg brjáluð og X vaknað og öskrað á H, en hann kvaðst ekki vita hvers vegna, hún annaðhvort verið hrædd eða reið. Spurður um það, hvort X hefði haft eitthvert frum-

kvæði að samförunum, kvað hann hana hafa losað buxurnar hjá sér. Hann kvað þau hafa rætt um getnaðarvarnir. Kvaðst hann hafa spurt X, hvort hún „væri á pillunni“, og hún svarað því játandi. Spurður um þá neitun sína upphaflega hjá rannsóknarlögreglu, að hann ætti nærbuxur með filamyndum, kvaðst hann eiga 60–80 nærbuxur og flestar mjög skrautlegar. Þá hefði lögreglan spurt: „Átt þú svona buxur eða ekki?“ Spurður um þann upphaflega framburð sinn, að hann myndi ekki eftir að hafa átt kynmök, kvaðst hann ekki hafa munað það, ekki hafa verið viss, enda verið mjög ringlaður. Ákærði kvaðst hafa lent í vélhjólaskli í maí 1992 og þá misst nánast allt skammtíaminni vegna meiðsla og verið metinn 20% öryrki vegna þessa. Ákærði neitaði að hafa fært X úr nærbuxum og kvað hana sjálfa hafa farið úr sokkabuxunum. Þá neitaði hann því enn fremur, að hún hefði brotist um og hrint sér af sér, kvað hana ekki hafa haggast, fyrr en hann var farinn fram úr rúminu, eftir að H kom inn.

Rannsóknarlögreglumaður átti samtalið við vitnið H á slysadeild að morgni sunnudagsins 15. desember 1996, en þá var hún greinilega undir áhrifum áfengis og í töluverðu uppnámi. Kvaðst hún hafa verið að skemmta sér um kvöldið ásamt X og fleira fólki. Eftir lokunartíma veitingahúsa hefði X farið heim á undan sér, enda verið illa fyrirkölluð. Sjálf kvaðst hún hafa komið heim nokkru síðar ásamt öðru fólki og X opnað fyrir þeim, en farið síðan inn til sín og lagst fyrir uppi í rúmi. Nokkru síðar hefðu gestirnir svo farið að tínast út. Þegar einungis tveir hefðu verið eftir, þ. e. J og Axel Cortes, hefði sáminn hringt og hún verið í símanum töluverðan tíma. Á meðan hefði hún heyrt, að dyrabjöllunni var hringt, og einnig heyrt kunningja þeirra, ákærða, hrópa fyrir utan. Hún kvaðst hins vegar ekki hafa farið til dyra, þar sem hún hefði ekki viljað fá hann inn. Síðan hefði liðið einhver tími, án þess að hún heyrdi í honum, og hún þá talið, að hann hefði gefist upp og farið. Að loknu símtalinu kvaðst hún hafa farið inn í stofu og rætt við J og Axel, sem hún hefði haldið, að væri farinn úr samkvæminu, en J hefði hins vegar ætlað að fá að gista hjá þeim. Fljótlega kvaðst hún hafa heyrt stunur og torkennileg hljóð berast úr svefnherbergi X, þar sem enginn annar en X hefði átt að vera. Hefði hún því rokið til, opnað dyrnar og kveikt ljós. Hefði hún þá séð, hvar ákærði lá nakinn ofan á X. Hefði hann skipað sér að slökkva ljósið, svo að hann gæti klætt sig. Hún hefði orðið við því, en fylgst með honum. Hefði hún þá veitt því athygli, að viðbrögð X voru eins og hún væri að vakna. Hefði hún því talið öruggt, að hugsanleg kynmök ákærða og X hefðu ekki verið með hennar vilja né vitund. Kvaðst hún hafa vitað, að X hefði átt við móðurlífsvanda að stríða og því verið þess fullviss, að X færi aldrei að hafa kynmök við ákærða.

Kvaðst hún hafa reiðst, er hún gerði sér grein fyrir þessu, og hringt í lög-reglu.

17. desember 1996 var tekin skýrsla af vitninu H hjá rannsóknarlögreglu. Þar kom fram, að þær X og J hefðu farið út þetta kvöld. Hefðu þau drukkið eitthvert áfengi heima. Taldi hún X hafa drukkið bjór. Síðar um kvöldið, rétt fyrir lokun, á veitingastaðnum Casablanca, hefði X verið boðinn tvö-faldur snafs, sem hún hefði drukkið, en eftir það hefði hún verið eitthvað slöpp. Eftir lokun kvaðst hún hafa haldið heim inn Laugaveg ásamt X, J, Jóhanni Pétri Pálssyni, Guðrúnu Pétursdóttur og Ásdísi Jónsdóttur. Á heimleið hefðu þau hitt fólk, þar á meðal ákærða og Axel Cortes. Hefði fólk þetta ætlað að koma við í ..., en hún kvaðst ekki hafa vitað betur en ákærði ætlaði heim til sín. Hún kvað X hafa opnað fyrir þeim, en síðan hefði hún farið á salerni og svo beint inn í herbergi sitt og lagt sig. Kvaðst hún hafa séð, að X var eitthvað slöpp. Þá hefði síminn hringt og hún svarað honum inni í sínu herbergi. Stuttu síðar hefði hún heyrt, að þau Guðrún og Jóhann fóru, og taldi hún, að Axel hefði farið með þeim, en J hefði ætlað að gista. Á meðan hún var að tala í símann, hefði hún heyrt, að barið var að dyrum og kallað, og heyrt, að það var ákærði. Hefði hún ekki ætlað að opna fyrir honum og því haldið áfram að tala í símann. Að loknu samtalinu hefði hún komið fram og þá hitt J á ganginum, og hefði sér fundist hann eitthvað svo einkennilegur. Því hefði hún farið rakleitt inn í herbergi X og séð, að einhver var í rúminu hjá henni. Kvaðst hún þá hafa farið inn í stofu og spurt þá Axel og J, hvað væri að gerast. J hefði ekki sagt neitt, en Axel farið undan í flæmingi. Kvaðst hún þá hafa farið aftur inn í herbergið og kveikt ljós og þá séð, hvar ákærði lá nakinn ofan á X, en hún verið nakin að neðan, en í samfellu og brjóstahaldara. Hefði hún þá öskrað á ákærða, hvað hann væri að gera. Kvað hún þá X hafa virst sofandi og ekki vita, hvað væri að gerast. Síðan, þegar ákærði hafði farið fram, hefði X vaknað til fulls, hniprað sig saman og öskrað á sig, og hefði verið greinilegt á rödd hennar, að hún var mjög hrædd og miður sín. Hefði hún tekið utan um X og talað til hennar og reynt að róa hana og beðið hana að bíða, á meðan hún segði þeim Axel og Baldri að koma sér út. Það hefði hún síðan gert og komið svo aftur til X, sem hefði endurtekið hvað eftir annað, að hún hefði vaknað við, að ákærði var inni í sér. Sjálf hefði hún beðið J vera hjá X, svo að hún kæmist í símann að hringja á lögregluna, og hefði hann gert það.

Við aðalflutning málsins skýrði vitnið svo frá, að X hefði verið í stofunni eins og þau öll hin, en hún hefði verið komin heim rétt á undan. Síðan hefði hún fljótlega farið inn til sín og lagt sig, og því næst hefði J farið inn og lagt sig í rúmið hjá henni. Þau hefðu verið í öllum fötum og opið inn til

þeirra. Nánar spurð kvaðst hún ekki muna, hvort X opnaði fyrir þeim, þegar þau komu, eða hvort hún opnaði sjálf. Margspurð kvaðst hún telja, að X hefði staðið við í stofunni, áður en hún fór inn að sofa. Kvað hún þau hafa lagað kaffi, fyrst eftir að þau komu heim. Hún kvaðst hafa hallað hurðinni inn til sín, er hún var að tala í símann, en heyrt, er Guðrún og Jói fóru, og haldið, að Axel hefði farið með þeim. Stuttu síðar hefði hún heyrt í ákærða, en ekki ætlað að opna fyrir honum. Spurð um þann framburð sinn, að hún hefði heyrt hljóð úr herbergi X, áður en hún fór þangað inn, kvaðst hún ekki muna eftir því nú. Margspurð hélt hún við þann framburð sinn, að ákærði hefði legið ofan á X, þegar hún kom inn í herbergið. Hún kvaðst telja, að ákærði hefði ekki verið búinn að vera lengi inni í herberginu, vegna þess að hún hefði ekki verið það lengi í símanum, eftir að Jói og Guðrún fóru. Aðspurð um það, hvernig gluggatjöldin hefðu rifnað niður, kvað hún X hafa „klikkast“ þarna inni og stokkið aftur á bak í rúminu og lent þá á tjöldunum, sem hefðu rifnað niður, enda hefði hún hálfvegis sest á þau. Kvað hún þetta hafa gerst nokkurn veginn, á meðan ákærði var að fara út úr herberginu, og X áttað sig á því, hvað gerst hafði. Kvað hún X hafa grátið og kallað á sig margsinnis, þótt hún stæði við hlið henni og þyrfti að halda henni, til þess að hún væri kyrr augnablik. Hún hefði síðan aðeins farið frá til að reka ákærða og Axel út og komið svo til hennar aftur. Kvað hún X hafa enn verið í algeru kasti, þegar sjúkraflutningamennirnir komu. Kvaðst hún aldrei hafa séð nokkra manneskju svona áður.

Vitnið J fylgdist einnig með á slysadeild, og ræddi rannsóknarlögreglu- maðurinn þar við hann. Var hann sagður töluvert undir áhrifum áfengis og greinilega í uppnámi vegna atburðarins. Kvaðst J hafa ætlað að gista hjá þeim X og H, en hann fengi stundum að liggja á sófanum inni í stofu. En þar eð gestir hefðu verið þar í þetta skipti, hefði hann ákveðið að leggjast fyrir hjá X. Kvaðst hann hafa sofnað þar alklæddur, en vaknað við, að þriðji maður var kominn upp í rúm til þeirra og vírst vera í kynmökum við X. Kvaðst hann hafa verið hálfruglaður af völdum áfengis og syfju, en ákveðið að læðast út án þess að trufla, enda hefði hann talið mökin vera með vilja og vitund X. H hefði enn verið í símanum, er hann kom fram, en stuttu síðar komið inn í stofu og þá áttað sig á því, að einhver var kominn inn til X. Hefði hún þá farið inn til X og komið að ákærða, þar sem hann var í samförum við X, en við það hefði hún rekið ákærða og Axel á dyr.

17. desember 1996 var tekin skýrsla af vitninu J hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hann kvaðst vera kunningi X og H og hafa komið til þeirra í ... um kl. 22.30 á laugardagskvöldið. Síðan hefði hann farið með þeim „í bæinn“, en orðið viðskila við þær, hitt þær þó síðan aftur á Laugaveginum um

kl. 4.00. Með sér hefði verið kunningjafólk, Jóhann og Guðrún. Hefði þeim verið boðið að koma í . . . Á leiðinni hefðu þau hitt ákærða og Axel og Axel slegist í för með þeim, en ákærði ætlað fyrst heim, en koma kannski síðar. X hefði verið kominn heim rétt á undan þeim og hleypt þeim inn. Þau H, Axel, Jóhann og Guðrún hefðu sest inni í stofu, en X farið á salernið og haft orð á því, að hún væri eitthvað slöpp. Síðan hefði hún farið inn í herbergi sitt. Ekki kvaðst hann vita ástæðuna til slappleikans, en lasin hefði hún greinilega verið miðað við það, hvernig hún var fyrir um kvöldið. Hefði sig verið farið að lengja eftir X og því farið inn í herbergið til hennar. Hefði hann þá séð, að X lá uppi í rúmi, klædd í buxur og peysu, en virtist vera kalt og hafi skolfið. Kvaðst hann því hafa spurt hana, hvort hún væri eitthvað slöpp og hvort hann ætti að breiða yfir hana sængina. Kvað hann X hafa játað því, en við svo búið hefði hann farið aftur inn í stofu. Þau Guðrún og Jóhann hefðu farið fljótlega, en Axel og H setið eftir. Kvaðst hann hafa ætlað að fá að leggja sig í stofunni, en þar sem Axel hefði setið í sófanum, hefði hann farið aftur inn í herbergi X og spurt hana, hvort hann mætti leggja sig í rúmið hjá henni, en þar sé tvíbreitt rúm. Hefði hún sagt það vera í lagi. Hefði hann þá farið úr vestinu og lagst fyrir og telur sig hafa sofnað nánast strax. Hefði hann verið búinn að drekka töluvert áfengi og orðinn talsvert ölvaður og þreyttur. En skyndilega hefði hann vaknað við eitthvað, sem hann áttaði sig ekki á, og í svefnrofunum ráfað fram og hitt H í ganginum. Hefði hann þá áttað sig á því, að hann hafði séð ákærða í rúminu, þar sem hann lá ofan á X. Hefði hann síðan heyrt X kalla á H og þóst heyra á rödd X, að henni væri mjög brugðið. Hefði H þá rekið Axel og ákærða út, og kvaðst hann ekki hafa séð ákærða, eftir að hann sjálfur fór út úr herberginu og fram í eldhús. H hefði síðan kallað á sig. Hefðu þær X þá verið komnar fram á gang fyrir framan herbergið. Hefði H haldið utan um X, sem hefði vafið teppi eða sæng um sig og virst vera skelfingu lostin, grátíð og beðið þau að fara ekki frá sér. Kvaðst vitnið hafa tekið utan um X, meðan H hringdi í lögregluna.

Vitnið bar fyrir dómi, að X hefði verið farin heim eitthvað á undan þeim hinum. Á leiðinni hefðu þau hitt ákærða og Axel og Axel komið með þeim. Kvað hann X hafa opnað fyrir þeim. Hefðu þau farið inn í stofu, öll nema X, sem hefði farið inn í herbergi sitt. Sér hefði fundist hún eitthvað slöpp. Síðar kvaðst hann hafa farið inn til X og spurt hana, hvort hún væri eitthvað slöpp eða lasin, og hún jánkað því. Hún hefði legið ofan á sænginni og verið í buxum og peysu. Hann hefði þá breitt yfir hana og farið aftur fram. Þegar Jóhann og kona hans hefðu verið farin, hefði sig langað til að fara að leggja sig, en þar sem Axel hefði enn verið í stofunni, hefði hann farið inn

til X og spurt, hvort hann mætti leggja sig þar inni. Hann kvað hana hafa svarað sér nánast strax. Hefði hann þá lagt sig í rúmið við hlið henni. Næst kvaðst hann muna eftir sér, þegar hann var eiginlega kominn út úr herberginu, en ekki gera sér nákvæma grein fyrir því, hvers vegna hann rumskaði. Taldi hann sig hafa vaknað við eitthvert hljóð eða hreyfingu í rúminu eða herberginu. En er hann hefði verið kominn fram og almennilega vaknaður, hefði sér fundist, að hann hefði séð ákærða uppi í rúminu. Kvað hann það hafa getað litið þannig út, að ákærði hefði verið ofan á X og hann ekki verið mikið klæddur, a. m. k. ekki að ofan. Ekki kvaðst hann geta metið ástand X á þessu stigi. Hann kvaðst hafa farið fram í eldhús og sest niður og þá verið að ranka við sér. Hefði hann hitt H frammi á gangi, en ekki muna, hvort þeim fór eitthvað á milli. H hefði farið inn í herbergið og þá orðið töluverð læti. H hefði æst sig töluvert og sagt eitthvað, og þá fyrst hefði hann heyrt í X, sem hefði kallað eitthvað til H, ekki eðlilega, heldur virtist vera einhver hræðsla eða skelfing í röddinni. H hefði þá rekið tvo menn út. Hefði hann ekki komið út úr eldhúsinu, fyrr en þeir voru farnir, og ekki hafa áttað sig fyllilega á því, sem var að gerast þarna.

Vitnið Axel Örn Cortes gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 15. desember 1996. Kvaðst hann hafa verið að skemmta sér með vini sínum, ákærða í máli þessu, kvöldið áður. Milli kl. 3.30 og 4.00 hefðu þeir hitt H og J ásamt fleira fólki á Laugaveginum við Skólavörðustíg. Hefði H boðið þeim í samkvæmi heima hjá sér og þeir þegið boðið. Ákærði hefði þurft að skreppa heim, en hann farið með þeim hinum. Kvað hann X hafa verið fyrir í íbúðinni, er þau komu, og sjáanlega undir áhrifum áfengis. Taldi hann, að X byggi líka í íbúðinni, sem er á horni ... og ..., og hefði hún farið að sofa inni í öðru af tveimur svefnherbergjum, skömmu eftir að hann kom þar inn með fólkinu. Skömmu síðar hefði J einnig farið inn í herbergi X, en H farið að tala í símann inni í sínu herbergi. Kvaðst hann hafa rætt við fólkið í u. þ. b. eina klukkustund og þá hafa veitt því athygli, að H var töluvert miður sín, er hún var að tala í símann. Skömmu eftir að hitt fólkið var farið, hefði ákærði komið að húsinu og hringt dyrabjöllunni, og kvaðst Axel hafa opnað fyrir honum. Hefðu þeir setið saman í um 10–15 mínútur og hann þá sagt ákærða, að X og J væru inni í einu svefnherberginu og H í símanum. Kvað hann ákærða þá hafa hraðað sér inn til þeirra X og J í því skyni að stríða þeim, en skilið dyrnar eftir opnar. Dimmt hefði verið í herberginu og hann ekki séð, hvað þar fór fram. Hefði hann sest inn í stofu, og skömmu síðar hefðu þau J og H komið fram í stofuna og þau þrjú tekið tal saman. Hefði þá komið til tals, hvort þau X og ákærði væru sofandi, en J hafi svarað því til, að þau væru ekki sofandi, „... heldur eitthvað annað“. Hefði

H þá farið inn í herbergi X, og rétt á eftir hefði heyrst öskur í X, eins og henni hefði verið mjög brugðið. Hefði hún kallað á H. Í því hefði ákærði komið fram í stofuna og honum virst vera mjög brugðið og eins og hann vissi ekki, hvaðan á sig stæði veðrið. Á eftir honum hefði H komið og skipað þeim tveimur að fara út úr húsinu, sem þeir hefðu gert. Kvað hann þá hafa gengið saman frá húsinu, niður ... að Laugavegi og þaðan, sem leið liggur, að Veghúsastíg 1 a, þar sem ákærði búi. Kvaðst hann hafa spurt ákærða, hvað gerst hefði, en ákærði ekki svarað sér, en virst vera jafnundrandi og hann var, þegar hann kom fram í stofuna. Kvað hann ákærða hafa hringt í H úr GSM-síma og ráðið af því samtali, að ákærði væri hafður fyrir sök.

Vitnið kom fyrir dóminn við aðalflutning málsins. Kvað hann þá ákærða hafa verið vini frá árinu 1992 og þeir búið saman á tímabili. Kvað hann H ekki hafa verið með lykil og hafa orðið að berja. Hefði X komið til dyra og hleypt þeim inn. Spurður um ástand X kvað hann hana hafa virst vera annaðhvort mjög ölvaða eða nývaknaða eða eitthvað þess háttar, svona ekki alveg með sjálfri sér. Hefði hún farið á salernið, þegar hún var búin að hleypa þeim inn, og svo inn að sofa, a. m. k. hefði hann ekki séð hana eftir það. Hann kvað ákærða hafa verið með símanúmer þeirra H og X og taldi símtalinu hafa lokið, með því að rafhlaðan var búin. Hann kvað tímaskyn sitt ekki hafa verið mjög gott, en áætlaði, að ákærði hefði verið búinn að vera u. þ. b. tíu mínútur inni í svefnherberginu, þegar J kom fram, og síðan liðið álfka tími, áður en H fór þar inn. Kvaðst hann hafa gjóað augunum upp á húsið, er þeir gengu fram hjá því úti, og hefði hann ekki séð inn og ekki séð ljós í svefnherberginu, en telji, að það hefði hann séð, ef gluggatjöld hefðu ekki verið fyrir glugganum. Aðspurður kvað hann öruggt, að H hefði boðið þeim ákærða báðum heim. Hann kvað J hafa verið nývaknaðan eða eitthvað voðalega ruglaðan, þegar hann kom fram. Hefði hann komið inn í stofuna og verið búinn að snúa sér upp í horn, en staðið upp, þegar H hefði spurt. Ekki kvaðst hann hafa heyrt í H, þegar hún var að tala í símann, en fullyrti þó, að hún hefði verið í símanum allan tímann. Hann kvað H ekki hafa orðið vara við, er ákærði kom inn í húsið, þar sem lokað hefði verið inn til hennar. Fram kom, að hann hefði verið búinn að fara inn til H og reynt að fá hana fram, áður en ákærði kom og hún enn í símanum, en hún verið í eitthvað vondu skapi og ekki komið. Að öðru leyti skýrði vitnið efnislega eins frá og í skýrslu sinni hjá lögreglu.

Auk framangreindra komu fyrir dóminn sem vitni Tanja Þorsteinsdóttir læknir og Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur. Staðfestu vitnin þau gögn í málinu, er frá þeim stafa. Bæði vitnin töldu tilfinningaleg viðbrögð X í

samræmi við ætlaða misneytingu. Bar vitnið Þórkatla, að fyrstu tveir, þrír mánuðirnir hefðu verið X mjög erfiðir, og taldi, að hún ætti eftir nokkra mánuði til að ná sér. Loks kom fyrir dóminn Helgi Kristbjarnarson geðlæknir, og er gerð nánari grein fyrir framburði hans hér á eftir.

Niðurstæða.

Hér að framan hefur verið ýtarlega lýst framburði ákærða, kæranda og vitna. Með þeim telst sannað, að X hafi opnað fyrir fólkinu, þegar það kom í ... Ekki þykir ástæða til að rengja þá frásögn X, að hún minnst þessa þó ekki. Vitnin hafa ýmist borið, að X hafi sagst vera þreytt eða lasin, eða séð á henni, að svo væri. Einnig liggur fyrir, að hún hafði verið með óreglulegar blæðingar og tveggja vikna blæðingum nýlega lokið. X kveðst hafa drukkið tvo hálfslíttra bjóra heima snemma kvölds og tvö „skot“ eða snafsa á veitingastað. Ber vitnið H, að X hafi drukkið tvöfaldan snafs rétt fyrir lokun og orðið eitthvað slöpp eftir það. Vitnið J kveðst tvívegis hafa talað til X inni í svefnherberginu og hún svarað. Í báðum tilvikum hafi verið um stutt tjáskipti að ræða. Hvorugum þeirra kveðst X muna eftir. Hún hafnar eindregið þeirri fullyrðingu ákærða, að hún hafi rætt við hann og kysst og verið þátttakandi í samförunum.

Ákærði er saksóttur fyrir misneytingu með því að hafa haft samfarir við X, þar sem hún hafi sofið ölvunarsvefni og því ekki getað spornað við þeim. Miðað við það áfengismagn, sem X kveðst hafa drukkið frá u. þ. b. kl. 21.00–3.00, getur hún vart talist hafa verið drukkin, þótt ekki sé óhugsandi, að áfengið kunni ásamt þreytu og blóðleysi að hafa haft einhver áhrif á líðan hennar og svefn. Þrátt fyrir orðalag ákærunnar taldi dómurinn rétt að íhuga, hvort X kynni að hafa verið í ástandi sambærilegu við ölvunarsvefn og ákærði misnotað sér það. Rétt þótti að leita álits sérfræðings um þetta atriði, og beindi dómurinn af því tilefni eftirfarandi spurningum til vitnisins Helga Kristbjarnarsonar geðlæknis, sem er sérfróður um svefn og hefur stundað rannsóknir á því sviði.

„Hjálagt sendast yður gögn í sakamálinu nr. 364/1997: Ákæruvaldið gegn Baldri Sigurðarsyni.

Málið varðar ætlaða misneytingu ákærða á X. Er hann ákærður fyrir að hafa haft samfarir við X, þar sem hún var í djúpum svefni og gat því ekki gert sér ljósa grein fyrir því, hvað gerðist. Hann heldur því fram, að samfarirnar hafi verið með samþykki hennar. Vegna þessa álítaefnis óskar dómurinn eftir því, að þér látið í stuttu máli í ljós sérfræðilegt álit yðar á eftirtöldum atriðum:

1) Hvaða möguleiki er á því, að manneskja vakni, framkvæmi hluti og sofni aftur, en muni síðan ekki eftir því, hvað hún gerði, þegar hún vakn-

aði þarna í millitíðinni? Ef svo er, hversu langt getur slíkt tímabil verið? Eru slíkar aðgerðir framkvæmdar af skynsemi og vilja?

2) Hvaða möguleiki er á, að X hafi kysst ákærða og þau afklæðst í sam-einingu, án þess að hún muni það eftir á?

3) Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafði X samkvæmt eigin framburði aðeins drukkið tvo bjóra snemma kvöldsins og síðan tvo snafsa síðar. Einnig er upplýst, að hún hafði deginum fyrr hætt á blæðingum, sem höfðu staðið í um tvær vikur, einnig, að hún hafi verið þreytt og slöpp, þannig, að hún hafði orð á því og vitni beri, að það hafi sést á henni. Því er spurt, hvaða möguleiki sé á því, að manneskja geti sofið svo fast við aðstæður eins og lýst er, að hún verði ekki vör við það, að maður hefur við hana samfarir, og geti því ekki spornað við verknaðinum.

4) Er hægt að fullyrða um það, hvort sterk viðbrögð X og kreppueinkenningu eftir atburðinn útiloki, að hún hafi gefið samþykki sitt til samfaranna? Er líklegt, að þau hafi stafað af öðrum ástæðum?“

Svör læknisins voru eftirfarandi:

„1) Þegar manneskja er vakin af utanaðkomandi áreiti, tekur að jafnaði aðeins nokkrar sekúndur, þar til hún getur brugðist við og tekið eðlilegar ákvarðanir. Hins vegar skráist skammtímaminni ekki í varanlega geymslu fyrstu 15–60 sekúndurnar eftir uppvökun, nema atburðir séu rifjaðir upp strax á eftir. Manneskja, sem sofnar aftur innan mínútu frá uppvökun, man sjaldnast það, sem gerðist, þótt hugsun hafi verið eðlileg þann tíma, sem hún vakti.

Dæmi um þetta er, að fólk slekkur sjaldnast á vekjaraklukku og sefur áfram, þegar það er á leið í flugferð, þótt það tíðki slíkt við aðrar aðstæður.

2) Þarna kemur til álita annars vegar, hvort konan hafi getað kysst manninn og afklæðst, ef hún var eins fast sofandi og lýst er, og hins vegar, hvort hún hafi getað vaknað, framkvæmt þetta og síðan gleymt því.

Um þetta er það að segja, að hægt er að kyssa manneskju og afklæða með lítilli samvinnu frá hennar hálfu, en hér er komið að kjarna þess, hvort um misneytingu var að ræða. Þar sem ákærði er einn til vitnis um, hve mikil þessi samvinna var, er erfitt að fullyrða, að konan hafi verið í fastasvefni. Jafnvel er erfitt að staðhæfa gegn neitun hans, að honum hafi verið ljóst, að konan hafi ekki verið nægilega vakandi til að samþykkja samfarir. Það, að konan minnst ekki að hafa sýnt samstarf, skýrir ekki málið frekar í ljósi þess, sem sagt er í lið 1, og í ljósi þess, að hún minnst ekki atburða, sem vitni þó bera, að hafi gerst (að hún hafi opnað dyr og að hún hafi átt

orðastað við J...). Í þessu efni er tvímælalaust möguleiki á, að konan hafi gert umrædda hluti án þess að minnst þess síðar.

3) Allt, sem kemur fram um áfengisneyslu konunnar, bendir til, að hér hafi verið um venjulegan svefn að ræða, en ekki meðvitundarleysi vegna áfengisáhrifa. Áfengisáhrif skipta væntanlega litlu við mat þessa máls. Sama gildir að mínu viti um blæðingar og hugsanlegt blóðleysi konunnar.

Samfarir, sem standa yfir í einhvern tíma, hljóta að mínu mati að vera svo mikið líkamlegt og tilfinningalegt „inngrip“, að líklegt verði að teljast, að sofandi manneskja vakni til meðvitundar, meðan á þeim stendur. Hins vegar getur manneskja í svefnrofum sem hægast talið sig vera í samförum við annan en er og því ekki spornað við verknadinum.

4) Þau sálkreppueinkenni, sem lýst er, eru almenns eðlis og ekki sérstaklega bundin við að lýsa afleiðingum kynferðislegrar misneytingar. Þessi einkenni gætu því allt eins stafað af rannsókn málsins og málarekstrinum sjálfum, eins og reyndar er vikið að í vottorði sálfræðingsins.

Hvort sem konan er sannfærð eða efins um sekt mannsins, er líklegt, að sálkreppueinkenni hennar myndu lýsa sér með svipuðum hætti, og er því óvarlegt að reyna að álykta um sekt á grundvelli þessara einkenna. Verði sekt mannsins hins vegar sönnuð, kemur þessi þjáning konunnar að sjálf-sögðu mjög til álita við ákvörðun refsingar og skaðabótaskyldu.

Um sterk viðbrögð konunnar og atburðarás á staðnum get ég aðeins vísað til þess, að dómarrar geta væntanlega eftir yfirheyrslur betur metið þann þátt en ég, en eins og atburðarás er lýst, sýnist mér, að hörð viðbrögð vin-konunnar, sem kom aðvífandi, hafi einnig getað kallað fram hræðsluviðbrögð hjá konunni.

Um önnur læknisfræðileg álitamál í málsskjöllum get ég sagt eftirfarandi:

a) Skýring ákærða á því, hvers vegna hann bar við minnisleysi við fyrstu yfirheyrslur, þ. e., að hann hafi í slysi fengið sértæka minnisskemmd, sem lýsi sér með minnisleysi á nýliðna atburði, en minni komi fram síðar, er afar hæpin og ótrúverðug frá læknisfræðilegu sjónarhorni. Sé hins vegar rétt það, sem hann ber, að hann hafi verið hálfsofnaður, eftir að samförum lauk, og auk þess drukkin, er hugsanlegt, að hann muni ekki málavöxtu mjög gjörla.

b) Grunn rispa í leggöngum bendir til, að konan hafi ekki verið kynferðislega örvuð, þegar samfarir hófust, en jafnframt til, að þær hafi verið óþægilegar og átt því frekar að valda uppvöknun.“

Læknirinn kom fyrir dóminn sem vitni og staðfesti og skýrði nánar svör sín. Fram kom, að svörin væru miðuð við eðlilegt ástand manneskju, en

ekki þess, sem hefði einhverja tegund svefnsjúkdóma. Taldi vitnið, að manneskja myndi að öllu eðlilegu vakna við slíkt áreiti, sem hér um ræðir, þrátt fyrir það að hún svæfi þungum svefni. Meiri líkur væru á örvun og uppvöknun, ef áreitið, sem hin sofandi manneskja yrði fyrir, snerti eitthvað, sem hún teldi siðferðilega rangt eða væri andstætt vilja hennar. Ekki væri óhugsandi út frá læknisfræðilegu sjónarmiði, að kona vaknaði ekki við, að óvelkominn karlmaður ætti við hana samfarir. Ef ekki væri um sjúklegt ástand eða meðvitundarleysi að ræða, teldist slíkt vera mjög óvanalegur atburður. Þá taldi vitnið slappleikaástand ekki þurfa að valda dýpri svefni, svo sem oft væri talið, en slíkur slappleiki væri ekki sama og syfja, og gætu áhrifin verið þveröfug. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem gefi ástæðu til að ætla, að X sé haldin svefnsjúkdómi.

Með hliðsjón af framburði vitnisins Helga Kristbjarnarsonar getur það vel staðist, að X hafi verið sofnuð, þegar hitt fólkið kom, vaknað og opnað fyrir því án þess að muna eftir því daginn eftir. Þykir það því ekki draga úr trúverðugleika framburðar hennar að öðru leyti. Sama er að segja um þann framburð vitnisins J, að hann hafi tvívegis talað við X og breitt ofan á hana, en vel þykir geta staðist, að hún muni ekki eftir þessu.

Ákærði og X voru kunningjar, en ekki nánir vinir, og var ákærði gestkomandi á heimili X og þangað kominn án hennar vitundar. Hann fór inn í svefnherbergi X, þar sem hún hafði lagst til svefns í fötunum. Framburður ákærða um, að þau hafi spjallað saman, farið að kyssast og síðan haft samfarir, þykir ekki vera trúverðugur. Ákærði bar m. a., að þau hefðu rætt um getnaðarvarnir og X sagst vera „á pillunni“. Þessi framburður ákærða er afar ótrúverðugur og í ósamræmi við læknisvottorð, sem lagt hefur verið fram í málinu. Ákærði neitaði í upphafi, að nokkrar samfarir hefðu orðið, en breytti síðar framburði sínum á þann veg, að samfarir hefðu orðið með samþykki X. Framburður hans um samskipti þeirra X hefur einnig verið óstöðugur að ýmsu öðru leyti. Þá þykir sú skýring hans, að skerðing á skammtíamaminni hafi valdið þessu ósamræmi í framburði sínum, ekki trúverðug.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem gefur ástæðu til að ætla, að X hafi haft áhuga á kynferðislegu samneyti við ákærða, og er framburður hans um þetta atriði fráleitur, þegar litið er til allra aðstæðna. Þá verður að hafa í huga, að X var heima hjá sér síðla nætúr í eigin rúmi og hafði því enga sérstaka ástæðu til að vera á varðbergi. Leggja þykir mega til grundvallar þann framburð X, að hún hafi án sinnar vitundar verið klædd úr buxum, samfellu hneppt frá og hún færð úr nærbuxum, og þykir það samrýmanlegt framburði vitnisins Helga Kristbjarnarsonar. Þykir ákærði ekki

hafa mátt túlka það sem samþykki X, þótt hún, sofandi, brygðist ekki við því, að hann afklæddi hana.

Leggja verður til grundvallar þá frásögn X, að hún hafi vaknað við, að ákærði lá ofan á sér og var að hafa við sig kynmök. Er það í fullu samræmi við framburð Helga Kristbjarnarsonar þess efnis, að slíkt áreiti hljóti að jafnaði að vekja konu. Framburður vitnisins H styður þá fullyrðingu X, að ákærði hafi verið ofan á henni, þegar hún vaknaði, en ekki við hlið hennar.

Ekki er fyllilega ljóst, hversu lengi ákærði hafði verið inni hjá X, þegar vitnið H kom þar inn. X skýrir sjálf svo frá, að hún hafi vaknað, rétt áður en H kom inn. Við rannsókn á sýni frá X fannst mikið magn sæðisfrumna í leggöngum. Er það í samræmi við framburð ákærða um, að hann hafi felst sæði til hennar. Af því verður þó ekki dregin sú ályktun, að kynmök hafi staðið lengi yfir, en af gögnum málsins verður ekkert fullyrt um tímalengd þeirra. Fram kom hjá báðum læknum, sem báru vitni fyrir réttinum, að rispa í leggöngum benti til samfara og þess, að kynferðisleg örvun hefði verið lítil, en slíkar samfarir væru óþægilegar fyrir konuna. Styður þetta þá fullyrðingu X, að samþykkis hennar hafi ekki verið leitað, og rennir stoðum undir, að hún hafi vaknað við mökin. Þá benda viðbrögð X og atferli, þegar eftir að hún vaknaði, og á neyðarmóttöku eindregið til þess að mati dómsins, að kynmök hafi verið að óvilja hennar.

Við sönnunarmat verður að líta til þess, að brot af því tagi, sem ákært er fyrir, telst fullframið, þegar getnaðarlimur er kominn að einhverju leyti inn í fæðingarveg konu.

Með vísan til stöðugs og trúverðugs framburðar X, sem að öllu leyti þykir samrýmanlegur álitserð og framburði vitnisins Helga Kristbjarnarsonar og hliðsjón af öðru því, sem að framan er rakið, er í máli þessu fram komin sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, fyrir því, að ákærði hafi afklætt X sofandi og haft við hana kynmök, án þess að hún gæti spornað við þeim sökum svefndrunga. Þykir brot ákærða varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992.

Ákærði er fæddur árið 1969. Hann hefur fimm sinnum gengist undir sátt vegna brota á umferðarlögum. Þá hefur hann fimm sinnum hlotið dóm fyrir brot á umferðarlögum, m. a. vegna ölvunaraksturs, hraðaksturs og fyrir að aka sviptur ökuleyfi. Hann hefur verið dæmdur til frelsissviptingar, samtals 90 daga óskilorðsbundins varðhalds, og sex sinnum verið sviptur ökuréttindum tímabundið. Ákærði hefur ekki áður verið dæmdur fyrir hegningarlagabrot.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Vegna alvarleika brotsins þykir ekki koma til álita að skilorðsbinda refsinguna.

Pórdís Bjarnadóttir hdl. hefur sett fram miskabótakröfu f. h. X. Það er staðfest með læknskýrslu vitnisins Tönju og vottorði vitnisins Þórkötlu, að X hefur á þeim mánuðum, sem liðnir eru frá atburðinum, átt við sálræna erfiðleika að stríða, sem vitnin töldu án efa stafa frá þeim atburði, sem hér er til umfjöllunar. Vitnið Þórkatla kveður X hafa misst matarlyst, átt erfitt með svefn og gengið í gegnum miklar sveiflur í tilfinningalífi sínu og verið hrjáð af þunglyndi, svartsýni og reiði. Telur vitnið, að X eigi enn þó nokkurn tíma eftir, þar til hún náí sér. Enn fremur er ljóst, að slík áföll eru varanleg að því leyti, að einstaklingur, sem fyrir þeim verður, kann síðar að vera veikari fyrir, ef önnur áföll ríða yfir. Einnig lítur dómurinn til þess, að atburðurinn átti sér stað á heimili X. Ákærði er valdur að þjáningum X, og er hann bótaskyldur. Bætur þykja hæfilega ákveðnar 300.000 kr. með vöxtum, svo sem greinir í dómsorði. Þá ber jafnframt að dæma ákærða til að greiða X 60.000 kr. vegna lögmannskostnaðar í tengslum við bótakröfu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 130.000 kr., er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Þórir Oddsson vararíkislögreglustjóri.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Baldur Sigurðarson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr., og saksóknarlaun, 130.000 kr.

Ákærði, Baldur Sigurðarson, greiði X, f. 1970, miskabætur, að fjárhæð 300.000 kr., auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. desember 1996 til 28. febrúar 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 60.000 kr. vegna lögmannskostnaðar.